

## 1987 nr. 80 16. október

### Lög um kosningar til Alþingis

#### I. kafli. Kosningarréttur og kjörgengi.

■ **1. gr.** [Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

□ Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 1. gr.

■ **2. gr.** Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. [Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 1. gr.

■ **3. gr.** Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningslíti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

□ Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

#### II. kafli. Kjördæmi.

■ **4. gr.** Kjósundur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurbjördæmi, Keflavíkurbjördæmi, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðabjördæmi, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnneskaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.

Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvíkurbjördæmi og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.

Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

5. Norðurlandskjördæmi vestra.

Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

6. Norðurlandskjördæmi eystra.

Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurbjördæmi og Norður-Þingeyjarsýsla.

7. Austurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

8. Suðurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjarkaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnassýsla og Selfoss.

■ **5. gr.** Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurbjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. [9 þingsætum]<sup>1)</sup> skal ráðstafa fyrir hverjar almennar alþingiskosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu almennum alþingiskosningum á undan.

Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:

1. [Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennum alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o.s.frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.]<sup>1)</sup>

2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5 og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.

3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsæti kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum sætum hefur verið ráðstafað.

4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

c. ...<sup>1)</sup>

□ Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómstálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 2. gr.

#### III. kafli. Kjördeildir.

■ **6. gr.** Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

□ Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

□ Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekkur og erfitt um kjörsókn þaðan að álitu yfirkjörstjórnar.

□ Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

#### IV. kafli. Kjörstjórnir og kjörstjórnar utan kjörfunda.

■ **7. gr.** Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.

2. Yfirkjörstjórnir.

3. Undirkjörstjórnir.

■ **8. gr.** [Alþingi]<sup>1)</sup> kys eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum

og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 3. gr.

■ **9. gr.** Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af [Alþingi]<sup>1)</sup> á sama hátt og landskjörstjórn. Kys hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.

□ Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 4. gr.

■ **10. gr.** Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kys til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

□ Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kys bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna, ef með þarf.

■ **11. gr.** Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis.

■ **12. gr.** Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess, að talan sé fyllt.

□ Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

■ **13. gr.** Kjörstjórnar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

a. [Sýslumenn og starfsmenn þeirra samkvæmt ákvörðun sýslumanna. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins getur sýslumaður enn fremur falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar],<sup>1)</sup>

b. [hreppstjórnar],<sup>2)</sup>

c. skipstjórnar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,

d. forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiráðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiráðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjöræðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjöræðismenn verða kjörstjórnar.

□ Ef kjörstjórnar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna ...<sup>1)</sup>

skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili framboðanda.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 97. gr. <sup>2)</sup> L. 9/1995, 5. gr.

## V. kafli. Kjörskrár.

■ **14. gr.** [Sveitarstjórnir gera kjörskrár til alþingiskosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 3. gr.

■ **15. gr.** [Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár [þremur]<sup>1)</sup> vikum fyrir kjördag.

2. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

□ Sá sem fellur undir 2. másl. 2. mgr. 1. gr. verður því aðeins tekinn á kjörskrá að hann hafi sótt um það til Hagstofu Íslands. Umsókn skal rituð á sérstakt eyðublað þar sem fram komi fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofa Íslands lætur eyðublað þessi í té og skulu þau liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiráðisskrifstofum og í skrifstofum kjöræðismanna. Sé umsókn fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver sé þannig á kjörskrá tekinn gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1991, 4. gr.

■ **16. gr.** Kjörskrá skal rita á eyðublað, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

□ [Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 5. gr.

■ **17. gr.** Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, ...<sup>1)</sup> jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 97. gr.

■ **18. gr.** ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 7. gr.

■ **19. gr.** [Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en [tíu dögum]<sup>1)</sup> fyrir kjördag. Kjörskrá skal liggja frammi á að minnsta kosti einum stað og í hverri kjördeild utan kaupstaða og kauptúna.

□ [Nú er kjörskrá ekki lögð fram á skrifstofu sveitarstjórnar og skal þá]<sup>1)</sup> auglýsa hvar það verður gert og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

□ Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1991, 7. gr.

■ **20. gr.** [Dómsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að

þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 9. gr.

■ **21. gr.** [Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni, ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. 15. gr.]

□ Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 10. gr.

■ **22. gr.** [Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 21. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.]

□ Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórn.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 11. gr.

■ **23. gr.** [Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi jafnlengi og segir í 19. gr. og skal þá kveða á um það efni í auglýsingu ráðherra um kosningarnar.]

□ Ráðherra er og heimilt að kveða nánar á um þetta, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, ef gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu sveitarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 12. gr.

■ **24. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 13. gr.

■ **25. gr.** Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.]

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 11. gr.

## VI. kafli. Framboð.

■ **26. gr.** [Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en kl. 12 á hádegi [15 dögum fyrir kjördag.]<sup>1)2)</sup>

□ Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, [kennitölu hans],<sup>2)</sup> stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í kjöri eru.]

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1991, 12. gr.

■ **27. gr.** [Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.]<sup>1)</sup>

□ Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 112. og 113. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórn mála-samtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórn mála-

samtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.

□ Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórn mála-samtaka, ber fram mótæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurðað að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.]

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 13. gr.

■ **28. gr.** Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.]

■ **29. gr.** Nú berst yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.]

■ **30. gr.** [Á framboðslista í kjördæmi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.]<sup>1)</sup> Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.]

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 14. gr.

■ **31. gr.** Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.]

■ **32. gr.** Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.]

## VII. kafli. Umboðsmenn.

■ **33. gr.** Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn geta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.]

■ **34. gr.** Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.]

□ Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.]

## VIII. kafli. Kosningaundirbúningur.

■ **35. gr.** Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.]

□ Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku

á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

□ Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnna.

□ Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættis-innsigli.

■ **36. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 15. gr.

■ **37. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 16. gr.

■ **38. gr.** Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi, og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

■ **39. gr.** Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem rækur er ger.

□ Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

■ **40. gr.** Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

□ Hyggist stjórnmalasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en [þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út].<sup>1)</sup> Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum.

□ Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 17. gr.

■ **41. gr.** Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmalasamtaka, sbr. 40. gr.

□ Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA . . . , B, BB . . . , o.s.frv. eftir því sem við á.

■ **42. gr.** Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista

sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

□ [Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn framboðenda á hverjum lista í rétttri röð, stöðu þeirra og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í útvarpi auglýsingu, og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.]<sup>1)</sup>

□ Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 15. gr.

■ **43. gr.** Ef framboðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir listann þannig breyttan í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum kjörstjórnnum utan kjörfunda.

■ **44. gr.** [Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

□ Kjörstjórnar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 19. gr.

■ **45. gr.** [Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag.

□ Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögnum.

□ Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 20. gr.

■ **46. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 21. gr.

■ **47. gr.** Skipstjórnir þeir, sem eru kjörstjórnar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt 13. gr., skulu gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

□ Í hýbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri er í 61. gr. getur.

□ Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

■ **48. gr.** Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður . . . <sup>1)</sup> taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 97. gr.

■ **49. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

■ **50. gr.** Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

■ **51. gr.** Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla um 6 cm breidd hverjum lista, en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.

■ **52. gr.** Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 3. mgr. 42. gr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

■ **53. gr.** Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera á þennan hátt:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í rétttri röð ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

□ Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: *Listi ...* (nafn stjórnmalasamtakanna).

■ **54. gr.** Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

□ Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

■ **55. gr.** Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin, eins fljótt og verða má, afhenda til flutnings á næstu pósthönd sem ábyrgðarsendingu þá seðla sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

□ Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórn innsigliar með embættisinnsgli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsglið.

□ Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

■ **56. gr.** Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra: *Ónýtir seðlar*, á tvö *Ágreiningsseðlar* og á tvö *Afgangsseðlar*.

□ Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannafni hafi boðið sig fram.

## IX. kafli. Kjördagur.

■ **57. gr.** [Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánadátömu, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

□ Kjörtímabilið er fjögur ár.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 16. gr.

## X. kafli. Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

■ **58. gr.** Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

□ Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður.

□ Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

□ Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

■ **59. gr.** Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búíð, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku vól, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

□ Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsgli undirkjörstjórnar.

□ Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

■ **60. gr.** [Sýslumenn og hreppstjórnar varðveita atkvæðakassana og poka sem þeim fylgja milli kosninga og sjá]<sup>1)</sup> um, að þeir séu til taks í tæka tíð þar, sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti en 6,5 mm víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

□ Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 17. gr.

■ **61. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

□ Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað, meðan kjörfundur stendur yfir.

## XI. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

■ **62. gr.** Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

■ **63. gr.** Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu [kjörgögn]<sup>1)</sup> og að kosning fari fram:

- a. í skrifstofu sýslumanns . . . ,<sup>2)</sup>
- b. í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,
- c. um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,
- d. í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiráðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjöræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

□ [Kjörstjóra innan lands er heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, enda sé kjósandi til meðferðar á hlutaðeigandi stofnun eða vistmaður þar. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

□ Kjörstjóri innan lands getur enn fremur heimilað kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, að greiða atkvæði í heimahúsi. Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar ein vika er til kjördags. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

□ Kjörstjóri innan lands auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórnsloftun. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

□ Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur<sup>3)</sup> um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en þremur vikum fyrir kjördag. Til kynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 22. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 97. gr. <sup>3)</sup> Leiðbeiningar 120/1991.

■ **64. gr.** Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrir en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 23. gr.

■ **65. gr.** Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

■ **66. gr.** [Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og kennitölu og hvern dag kosningaathöfnin fór fram.

□ Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna. Að því loknu leggur kjósandi kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu í sendiumslagið og lokar því vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans í þeim hreppi eða [sýslumannsins í þeim kaupstað]<sup>1)</sup> eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

□ Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

□ Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim er í hans stað gengur á skipinu er hans missir við.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 97. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1991, 24. gr.

■ **67. gr.** Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrá þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

■ **68. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 25. gr.

■ **69. gr.** Nú ónýtt kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 26. gr.

■ **70. gr.** Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

■ **71. gr.** Hreppstjórar og [sýslumenn]<sup>1)</sup> innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er töluð. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

□ Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða [sýslumanni]<sup>1)</sup> í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

□ Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða [sýslumaður]<sup>1)</sup> síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur, áður en kjörfundur er settur.

□ Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu töluð með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

□ Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 18. gr.

■ **72. gr.** Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveittir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

## XII. kafli. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

■ **73. gr.** Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í

kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan manni eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, uns hinir koma.

□ [Sé kjörfundur settur fyrir en kl. 12 á hádegi skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 27. gr.

■ **74. gr.** Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

■ **75. gr.** Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

□ Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórn og umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

■ **76. gr.** Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 71. gr.). Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

■ **77. gr.** Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild (sbr. 82. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afrítum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

■ **78. gr.** Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómismálaráðuneytið gefur út í því skyni.

■ **79. gr.** Dómismálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þeirra, er getur í 78. gr., en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnnum.

■ **80. gr.** Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu 1 manni eða fleiri, sem skiptast á.

□ Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

□ Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrir

inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

■ **81. gr.** [Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gerir hann kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir oddviti honum einn kjörseðil.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 28. gr.

■ **82. gr.** Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

□ Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

■ **83. gr.** Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefan og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

□ Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

■ **84. gr.** Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

□ Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

□ Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

■ **85. gr.** Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

■ **86. gr.** Kjósandi má ekki haggja neitt við listum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

■ **87. gr.** Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvaða á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

■ **88. gr.** Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

■ **89. gr.** Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur nýtt kosningarréttar síns.

■ **90. gr.** Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

■ **91. gr.** Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

□ Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

■ **92. gr.** Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðil hans þá ekki til greina við kosninguna.

■ **93. gr.** Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

□ Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en [kl. 22 á kjördag].<sup>1)</sup> Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 29. gr.

■ **94. gr.** ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 30. gr.

■ **95. gr.** Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

□ Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin ...<sup>1)</sup> og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 31. gr.

■ **96. gr.** [Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 82. gr., eða hafi dáði á undan kjördegi leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðu-

neytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

□ Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 32. gr.

■ **97. gr.** Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um það, hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fölginn, og [leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið]<sup>1)</sup> og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 33. gr.

■ **98. gr.** [Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 34. gr.

■ **99. gr.** Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átella við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

□ Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitnið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

□ Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

■ **100. gr.** Þá er atkvæðagreiðslu er slitnið og [kjörseðilsumslög þau, er gild hafa verið tekin, hafa verið látin]<sup>1)</sup> í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 69. og 91. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 97. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangur eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók, sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

□ Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, mega hin innsigliðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 35. gr.

■ **101. gr.** Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsigliðan, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

□ Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu



býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigliðum umbúðum og sendir þær dómismálaráðuneytinu, sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

### XIII. kafli. Kosningaúrslit í kjördæmum.

■ **102. gr.** Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórn um er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

□ Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrir en kosningu er hvarvetna lokið.

■ **103. gr.** Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

□ Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórn-málasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

■ **104. gr.** Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tóm flát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

□ Kjörseðlar skulu síðan teknir úr flátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

□ Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

■ **105. gr.** Atkvæði skal meta ógilt:

1. Ef kjörseðill er auður.
2. Ef ekki verður séð, við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af listum, sem í kjöri eru.

3. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn, eða tölu-merkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil.

4. Ef áletun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan . . .<sup>1)</sup>

5. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 36. gr.

■ **106. gr.** Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólöglegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstafur að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalasamtaka o.s.frv.

□ Lista í kjördæmi telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

■ **107. gr.** Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum samkvæmt 32. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

■ **108. gr.** Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um, að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

□ Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, uns úrskurður er felldur.

□ Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

□ Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórnar, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

□ Umslögumum með ágreiningsseðlunum skal því næst loka með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómismálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómismálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

■ **109. gr.** Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 2. mgr. 115. gr.

□ Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

□ Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrir en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

### XIV. kafli. Úthlutun þingsæta.

■ **110. gr.** Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

*Úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum í kjördæmum.*

■ **111. gr.** Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-lið fyrir málsgreinar 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gilda atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.

2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði

sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.

3. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi  $\frac{3}{4}$  af þingsætistölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

□ Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur  $\frac{2}{3}$  kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar málsgreinar þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta samkvæmt fyrri málsgrein hefst.

*Skipting óráðstafaðra þingsæta.*

■ **112. gr.** Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

□ Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærrí en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.

2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

*Úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum á landinu öllu.*

■ **113. gr.** Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætistölu.

□ *Ákvörðun kjördæmistölu.* Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta samkvæmt þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta samkvæmt þessari grein.

b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.

c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista samkvæmt þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.

d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-lið, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

□ *Áfangar við úthlutun þingsæta.* Þingsætum samkvæmt þessari grein skal úthluta [í þremur áföngum].<sup>1)</sup> Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun

kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur  $\frac{4}{5}$  af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.

2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.

3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.

4. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 19. gr.

■ **114. gr.** Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. Þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. . . .<sup>1)</sup>

□ Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun samkvæmt þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

□ Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

□ Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 20. gr.

■ **115. gr.** Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

□ Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

□ Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

■ **116. gr.** Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómismálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **117. gr.** Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

■ **118. gr.** Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómismálaráðuneytinu

eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

■ **119. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað — eftir almennar alþingiskosningar — að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.) og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

#### **XV. kafli. Kosningum frestað, uppkosningar og kosningar eftir þingrof.**

■ **120. gr.** Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kaupúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda það gagnert á hvert heimili.

□ Farist kosning fyrir, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar.

□ Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestinina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík tekur ákvörðun um frestun kosninga þar. Hafi kosningu verið frestað, ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

□ Þegar kosningu hefur verið frestað, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 100. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórnin hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna, eftir því sem við á.

□ Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

■ **121. gr.** Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 128. og 129. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar.

□ Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn.

□ Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

■ **122. gr.** Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

#### **XVI. kafli. Skil á utankjörfundarkjörgögnum.**

■ **123. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 37. gr.

■ **124. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 38. gr.

#### **XVII. kafli. Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.**

■ **125. gr.** Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 27. gr. Þó er stjórn­má­lafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrta geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.

3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

4. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflefum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

5. Að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

6. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, . . . <sup>1)</sup>

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til mála­mynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

7. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

8. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 39. gr.

**XVIII. kafli. Kosningakætur.**

■ **126. gr.** Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

■ **127. gr.** Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til dómsmálaráðuneytisins, og fer um málareksturinn að hætti opinberra mála . . . <sup>1)</sup>

□ Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

<sup>1)</sup> L. 9/1995, 21. gr.

**XIX. kafli. Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.**

■ **128. gr.** Ef Alþingi berst kæra um, að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana, jafnframt því sem það rannsakar kjörbref hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingskópum.

□ Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

□ Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

□ Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

■ **129. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

**XX. kafli. Hvernig varamenn taka þingsæti.**

■ **130. gr.** Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

□ Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 55/1991, 91. gr.

**XXI. kafli. Kostnaður.**

■ **131. gr.** Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té sam-

kvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

**XXII. kafli. Refsiákvæði.**

■ **132. gr.** Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

■ **133. gr.** Það varðar sektum:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 69. og 91. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kys eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kys eða hefur kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

9. . . . <sup>1)</sup>

10. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 6. tölul. 125. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

11. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 40. gr.

■ **134. gr.** Það varðar sekt, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kys eða hefur kosið, eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður eða [utankjörfundarkjörstjóri]<sup>1)</sup> sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

<sup>1)</sup> L. 10/1991, 41. gr.

■ **135. gr.** Það varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

■ **136. gr.** Það varðar . . . <sup>1)</sup> fangelsi allt að 4 árum:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, ann-

aðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 188. gr.

■ **137. gr.** Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða. . . ]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 9/1995, brbák. I. og II.